HV 2019-62
ISSN 2298-9137

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Stofnmæling botnfiska að haustlagi 2019: Framkvæmd og helstu niðurstöður / *Icelandic autumn groundfish survey 2019: Main results*

Kristján Kristinsson, Guðjón Már Sigurðsson, Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson, Klara Björg Jakobsdóttir og Valur Bogason

REYKJAVÍK DESEMBER 2019

Stofnmæling botnfiska að haustlagi 2019: Framkvæmd og helstu niðurstöður / *Icelandic autumn groundfish survey 2019: Main results*

Kristján Kristinsson, Guðjón Már Sigurðsson,
Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson,
Klara Björg Jakobsdóttir og Valur Bogason

Haf- og vatnarannsóknir
Marine and Freshwater Research in Iceland

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Upplýsingablað

Titill: Stofnmæling botnfiska að haustlagi 2019. Framkvæmd og helstu niðurstöður.

Höfundar: Kristján Kristinsson, Guðjón Már Sigurðsson, Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson, Klara Björg Jakobsdóttir og Valur Bogason

Skýrsla nr:	**Verkefnisstjóri:**	**Verknúmer:**
HV 2019-62	Kristján Kristinsson	9120
ISSN nr.	**Fjöldi síðna:**	**Útgáfudagur:**
2298-9137	37	18. desember 2019
Unnið fyrir:	**Dreifing:**	**Yfirfarið af:**
Hafrannsóknastofnun	Opin	Ingibjörg G. Jónsdóttir

Ágrip

Kristján Kristinsson, Guðjón Már Sigurðsson, Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson, Klara Björg Jakobsdóttir og Valur Bogason, 2019. Stofnmæling botnfiska að haustlagi 2019. Framkvæmd og helstu niðurstöður. HV-2019-62.

Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum Stofnmælingar botnfiska að haustlagi sem fram fór dagana 26. september til 3. nóvember 2019. Niðurstöður eru bornar saman við fyrri ár, en verkefnið hefur verið framkvæmt með sambærilegum hætti frá 1996.

Stofnvísitala þorsks hefur lækkað töluvert frá árinu 2017 þegar hún mældist sú hæsta frá upphafi haustmælingarinnar og er nú svipuð því sem hún var árið 2012. Stofnvísitölur ýsu og ufsa lækkuðu frá fyrra ári eftir að hafa farið hækkandi frá 2014. Vísitölur gullkarfa, skarkola og löngu eru háar miðað við árin fyrir aldamót. Vísitölur djúpkarfa, grálúðu, blálöngu og gulllax lækkuðu frá fyrra ári og eru nú undir meðaltali tímabilsins. Stofnar hlýra, tindaskötu, sandkola og skrápflúru eru í sögulegu lágmarki.

Árgangar þorsks frá 2018 og 2019 eru nálægt meðalstærð. Árgangur ýsu frá 2018 mældist lélegur, en fyrstu vísbendingar um árganginn frá 2019 gefa til kynna að hann sé sá næst stærsti síðan 1996. Nýliðun gullkarfa, djúpkarfa og blálöngu hefur verið mjög léleg undanfarin ár. Vísitala nýliðunar hjá grálúðu hefur lækkað hratt frá hámarkinu árin 2009-2013.

Meðalþyngd þorsks 6 ára og eldri mældist um eða yfir meðaltali áranna 1996-2019 en 2, 4 og 5 ára fiskur var undir meðalþyngd. Meðalþyngd ýsu eftir aldri hefur hækkað umtalsvert síðan 2010 og hefur undanfarin ár verið yfir meðaltali hjá öllum aldursflokkum. Fæða þorsks að hausti er fjölbreytt og mismunandi milli stærðarflokka. Magn loðnu og rækju, sem er mikilvæg fæða hjá þorski minni en 85 cm, hefur minnkað mikið á síðari árum. Uppistaða fæðu þorsks stærri en 85 cm er fiskbráð eins og síld og kolmunni. Hjá ýsu er algengasta fæðan á þessum árstíma ýmis botndýr eins og slöngustjörnur, samlokur, ígulker og burstaormar.

Magn flestra brjóskfiska minnkaði frá fyrra ári og er nú um eða undir meðaltali rannsóknartímabilsins. Vísitölur margra annara djúpfiskategunda sem er að mestu að finna í hlýja sjónum suðvestur og vestur af landinu hækkuðu umtalsvert árin 2010-2015 en hafa í sumum tilfellum farið lækkandi undanfarin þrjú til fjögur ár. Almennt má segja að stofnvísitölur kaldsjávartegunda hafi lækkað yfir tímabilið. Hitastig sjávar við botn mældist að meðaltali hátt líkt og undanfarin ár.

Abstract

Kristján Kristinsson, Guðjón Már Sigurðsson, Höskuldur Björnsson, Jón Sólmundsson, Klara Björg Jakobsdóttir og Valur Bogason, 2019. Icelandic autumn groundfish survey 2019 – implementation and main results. HV- 2019-62

This report describes the implementation and main results of the Icelandic autumn groundfish survey, carried out between 26 September and 6 November 2019. This standardized survey has been conducted annually since 1996 and the present results are compared with those of previous years.

*The biomass index of cod (*Gadus morhua*) has decreased considerably from the maximum in 2017 and is similar to what it was in 2012. Biomass indices of haddock (*Melanogrammus aeglefinus*) and saithe (*Pollachius virens*) decreased from previous years after a period of increase in 2014-2018. Biomass indices of golden redfish (*Sebastes norvegicus*), plaice (*Pleuronectes platessa*) and ling (Molva molva) are high compared to the period prior to 2000. Biomass indices of beaked redfish (*Sebastes mentella*), Greenland halibut (*Reinhardtius hippoglossoides*), blue ling (*Molva dypterygia*) and greater silver smelt (*Argentina silus*) decreased from last year and are now below long-term average. Indices of spotted wolffish (*Anarhichas minor*), starry ray (*Amblyraja radiata*), dab (*Limanda limanda*) and long-rough dab (*Hippoglossoides platessoides*) are at a historic low.*

The abundance of 2018 and 2019 yearclasses of cod are estimated to be around the average of the study period. The haddock year class from 2018 is poor, but the 2019 year class is estimated to be the second largest since 1996. Recruitment of golden redfish, beaked redfish and blue ling has been very poor in recent years. The juvenile index of Greenland halibut has decreased rapidly from the record high in 2009-2013.

*The mean weight of 6-year-old and older cod was around or above the average of 1996-2019, but for 2-, 4-, and 5-year-old cod, the mean weight was below average. The mean weight by age of haddock has increased substantially since 2010 and has in recent years been above average for haddock aged 2 years and older. In the autumn, the food of cod is diverse and varies between size classes. The quantity of capelin (*Mallotus villosus*) and Northern shrimp (*Pandalus borealis*), which are important prey for cod smaller than 86 cm, has decreased in recent years. The main food of cod bigger than 85 cm are prey such as herring (*Clupea harengus*) and blue whiting (*Micromesistius poutassou*). Among haddock, various benthic animals, such as ophiuroids, bivalves, sea urchins and polychaetes, are the most common prey at this time of the year.*

The abundance of many elasmobranch species has decreased compared to last year and are now around or below long-term average. Abundance indices of many other deep-water species that are mostly distributed in the warmer waters southwest and west of Iceland increased substantially in 2010-2015 but have in some cases decreased in the last three to four years. In general, abundance indices of cold-water species decreased in 2000-2019. Near-bottom temperatures have been stable but above average in recent years.

Lykilorð: *Stofnmæling, stofnvísitölur, haustrall, Íslandsmið, botndýrarannsóknir botnvarpa, þorskur, ýsa, ufsi, gullkarfi, djúpkarfi, grálúða, flatfiskar, djúpfiskar, hitastig*

Undirskrift verkefnisstjóra:	**Undirskrift forstöðumanns sviðs:**

Efnisyfirlit Bls.

Markmið og framkvæmd 1
Niðurstöður 2
Þorskur 2
Ýsa 6
Ufsi 11
Grálúða 12
Gullkarfi 13
Djúpkarfi 14
Blálanga 15
Gulllax 16
Flatfiskar 17
Aðrar algengar tegundir 18
Djúpfiskar 19
Vísitölur brjóskfiska 19
Vísitölur annarra djúpsjávartegunda 22
Botnhiti 25
Lokaorð og þakkir 26
Heimildir 26
Viðauki 27

Myndatexti

1. mynd. Togstöðvar með botnvörpu í Stofnmælingu botnfiska að haustlagi 2019. Rannsóknarsvæðinu er skipt í grunn- og djúpslóð og sá Ljósafell SU um sýnatöku á grunnslóð (rauð strik) og Gnúpur GK um sýnatöku á djúpslóð (blá strik). Ljósgráar línur sýna 200, 500 og 1000 m dýptarlínur og svartar línur mörk 200 mílna efnahagslögsögu Íslands.

2. mynd. A. Stofnvísitölur þorsks í haustralli 1996-2019 og marsralli 1985-2019 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing þorsks í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2018 (rauð lína), árið 2017 (blá lína) og meðaltal áranna 1996-2019 (grátt svæði). C. Útbreiðsla þorsks í haustralli árin 1996, 2005, 2018 og 2019.

3. mynd. Meðalþyngd 2-10 ára þorsks í haustralli 1996-2019 sýnd sem frávik frá meðaltali. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

4. mynd. Fæða þriggja lengdarflokka þorsks í haustralli árin 1996-2019, sýnt sem hlutfall af þyngd fisksins. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

5. mynd. A. Stofnvísitölur ýsu í haustralli 1996-2019 og marsralli 1985-2019 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing ýsu í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2018 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2019 (grátt svæði). C. Útbreiðsla ýsu í haustralli árin 1996, 2005, 2018 og 2019.

6. mynd. Meðalþyngd 2-8 ára ýsu í haustralli 1996-2019 sýnd sem frávik frá meðaltali. Ekki var farinn í leiðangur árið 2011.

7. mynd. Fæða þriggja lengdarflokka ýsu í haustralli 1996-2019, sýnt sem hlutfall af þyngd fisksins. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

8. mynd. A. Stofnvísitölur ufsa í haustralli 1996-2019 og marsralli 1985-2019 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing ufsa í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2018 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2019 (grátt svæði). C. Útbreiðsla ufsa í haustralli árin 2000, 2004, 2018 og 2019.

9. mynd. Vísitölur veiðistofns grálúðu (A) og ungfisks (B) í haustralli 1996-2019. Blá svæði sýna 95% öryggismörk. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing grálúðu í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2018 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2019 (grátt svæði). D. Útbreiðsla grálúðu í haustralli árin 1996, 2005, 2018 og 2019.

10. mynd. A. Stofnvísitölur gullkarfa í haustralli 1996-2019 og marsralli 1985-2019 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing gullkarfa í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árin 1996 (blá lína) og 2018 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2019 (grátt svæði). C. Útbreiðsla gullkarfa í haustralli árin 1996, 2005, 2018 og 2019.

11. mynd. Stofnvísitala djúpkarfa (A) og vísitala ungfisks (B) í haustralli 2000-2019. Blá svæði sýna 95% öryggismörk. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing djúpkarfa í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árin 2000 (blá lína) og 2018 (rauð lína) og meðaltal áranna 2000-2019 (grátt svæði). D. Útbreiðsla djúpkarfa í haustralli árin 2000, 2007, 2018 og 2019.

12. mynd. Vísitölur veiðistofns blálöngu (A) og ungfisks (B) í haustralli 2000-2019. Blá svæði sýna 95% öryggismörk. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing blálöngu í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2018 (rauð lína) og meðaltal áranna 2000-2019 (grátt svæði). D. Útbreiðsla blálöngu í haustralli árin 2000, 2009, 2018 og 2019.

13. mynd. Vísitölur veiðistofns gulllax (A) og ungfisks (B) í haustralli 2000-2019. Blá svæði sýna 95% öryggismörk. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing gulllax í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2018 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2019 (grátt svæði). D. Útbreiðsla gulllax í haustralli árin 2000, 2007, 2018 og 2019.

14. mynd. Stofnvísitölur sex flatfisktegunda í haustralli 1996-2019. Ekki var farinn leiðangur árið 2011. Skyggð svæði sýna 95% öryggismörk.

15. mynd. Stofnvísitölur ýmissa tegunda í haustralli 1996-2019. Ekki var farinn leiðangur árið 2011. Skyggð svæði sýna 95% öryggismörk.

16. mynd. Fjöldavísitölur ýmissa brjóskfiskategunda í haustralli 2000-2019. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

17. mynd. Fjöldavísitölur ýmissa tegunda í haustralli 2000-2019. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

18. mynd. Meðalhiti sjávar við botn á mismunandi svæðum og dýpi í haustralli 1996-2019.

Töflutexti

Tafla 1. Aldursskiptar vísitölur (í fjölda) þorsks úr haustralli 1996-2019. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

Tafla 2. Aldursskiptar vísitölur (í fjölda) ýsu úr haustralli 1996-2019. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

Tafla 3. Útbreiðsla fimmtán tegunda brjóskfiska sýnt sem hlutfall (%) stöðva á djúpslóð í haustralli þar sem hver tegund fæst.

Tafla 4. Útbreiðsla fimmtán tegunda djúpfiska sýnt sem hlutfall (%) stöðva á djúpslóð í haustralli þar sem hver tegund fæst.

Viðauki 1A. Tegundalisti í haustralli 1996-2007. Heildarfjöldi fiska hvert ár.

Viðauki 1B. Tegundalisti í haustralli 2008-2019. Heildarfjöldi fiska hvert ár. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

Markmið og framkvæmd

Stofnmæling botnfiska að haustlagi (haustrall) fór fram í 23. sinn dagana 26. september til 3. nóvember s.l. Rannsóknasvæðið var umhverfis Ísland allt niður á 1350 m dýpi (1. mynd). Alls var togað með botnvörpu á 373 stöðvum. Helsta markmið haustrallsins er að styrkja mat á stofnstærð botnlægra nytjastofna á Íslandsmiðum eins og þorsks, ýsu og gullkarfa auk djúpfiska eins og grálúðu, djúpkarfa, blálöngu og gulllax. Auk þess er markmiðið að safna upplýsingum um útbreiðslu, líffræði og fæðu botnfiska.

Togararnir Ljósafell SU og Gnúpur GK voru notaðir til rannsóknarinnar. Nákvæm lýsing á framkvæmd stofnmælingarinnar er gefin í handbók verkefnisins (Kristján Kristinsson o.fl. 2019).



1. mynd. Togstöðvar með botnvörpu í Stofnmælingu botnfiska að haustlagi 2019. Rannsóknarsvæðinu er skipt í grunn- og djúpslóð og sá Ljósafell SU um sýnatöku á grunnslóð (rauð strik) og Gnúpur GK um sýnatöku á djúpslóð (blá strik). Ljósgráar línur sýna 200, 500 og 1000 m dýptarlínur og svartar línur mörk 200 mílna efnahagslögsögu Íslands.

Árið 2000 var bætt við stöðvum á djúpslóð til að ná betur yfir útbreiðslu djúpkarfa. Þessar stöðvar voru að mestu í hlýja sjónum suðaustur, suður og suðvestur af landinu. Vísitölur fyrir þær tegundir sem eru að stórum hluta á þessu svæði eru því aðeins sýndar frá árinu 2000. Um er að ræða djúpkarfa, blálöngu og gulllax auk ýmissa djúpfiska eins og geirnyt og stinglax.

Á myndum í þessari skýrslu er þróun stofnvísitalna sýnd ásamt 95% öryggismörkum (skyggð svæði eða lóðréttar línur). Mæliskekkjan metur fyrst og fremst þá óvissu sem rekja má til takmarkaðs fjölda stöðva. Mæliskekkjan nær hins vegar ekki utan um óvissu sem orsakast t.d. vegna breytilegs hlutfalls fisks sem er upp í sjó eða utan rannsóknasvæðisins.

Hjá mörgum tegundum þar sem veiðiálag er hóflegt eru vísitölur til nokkurra ára tiltölulega stöðugar en oft er talsverður breytileiki frá ári til árs. Stofnmatið, sem er grundvöllur ráðgjafar, byggir þá yfirleitt á nokkrum síðustu stofnmælingum og oft bæði á marsralli og haustralli eins og í tilfelli þorsks, ýsu og gullkarfa.

Niðurstöður

Þorskur

Stofnvísitala þorsks hefur lækkað töluvert síðustu tvö ár og er nú svipuð því sem hún var árið 2012 (2. mynd). Stofnvísitalan hækkaði nær samfellt árin 2007-2017 sem má rekja til aukins magns af stórum þorski. Í marsralli er ferli stofnvísitölunnar mjög svipað og kom fram sambærileg lækkun frá 2017 til 2019. Lækkunina í haustmælingunni í ár má rekja til þess að nú fékkst minna af 80-110 cm þorski samanborið við fyrri ár. Einnig var vísitala 60-75 cm þorsks undir meðaltali rannsóknartímabilsins (2. mynd). Hluti af þessari breytingu skýrist af því að litli árgangurinn frá 2013 er nú á þessu stærðarbili (tafla 1).

Vísitala ársgamals þorsks (árgangur 2018) í marsralli 2019 benti til að árgangurinn væri nálægt meðaltali og er það staðfest í haustralli (tafla 1 og 2. mynd). Vísitölur 2-5 ára þorsks, árganganna frá 2014-2017, eru um eða yfir meðaltali. Fyrstu vísbendingar um árganginn frá 2019 gefa til kynna að hann sé nálægt meðalstærð.

Mest fékkst af þorski djúpt norðvestur, norður og austur af landinu, líkt og undanfarin ár og talsvert fékkst einnig á grunnslóð við Norðurland (2. mynd).

Meðalþyngd þorsks 6 ára og eldri var um eða yfir meðaltali áranna 1996-2019 en 2, 4 og 5 ára fiskur var undir meðalþyngd (3. mynd). Árgangar sem mælast undir meðalþyngd 2-4 ára hafa verið um eða yfir meðalþyngd 6 ára og eldri (t.d. árgangurinn frá 2011).

Fæða þorsks að hausti er fjölbreytt og mismunandi milli stærðarflokka. Á árunum 1996-2002 var loðna mikilvægasta fæðutegundin hjá 26-85 cm þorski en hlutdeild hennar hefur minnkað mikið á síðari árum (4. mynd). Magn rækju, sem er mikilvæg fæða hjá 26-85 cm þorski, hefur einnig minnkað með árunum. Hjá 56-85 cm þorski hefur ísrækja oft verið algeng fæða en lítið var af henni í þorskmögum í ár. Uppistaða fæðu þorsks stærri en 85 cm er fiskbráð eins og síld og kolmunni en einnig ýsa, skrápflúra og þorskur (4. mynd).



2. mynd. A. Stofnvísitölur þorsks í haustralli 1996-2019 og marsralli 1985-2019 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing þorsks í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2018 (rauð lína), árið 2017 (blá lína) og meðaltal áranna 1996-2019 (grátt svæði). C. Útbreiðsla þorsks í haustralli árin 1996, 2005, 2018 og 2019.

Tafla 1. Aldursskiptar fjöldavísitölur þorsks í haustralli 1996-2019. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

	Aldur													
Ár	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
1996	0.31	6.24	3.25	18.95	13.61	5.40	7.37	6.34	1.63	0.30	0.08	0.02	0.05	0.01
1997	2.02	0.63	16.62	6.63	29.08	16.22	5.35	3.70	2.11	0.30	0.11	0.01	0.03	0.04
1998	6.56	5.71	2.58	15.24	7.03	15.70	15.98	5.23	2.23	1.27	0.20	0.05	0.02	0.01
1999	11.66	7.98	13.71	5.48	22.79	7.26	9.84	3.96	0.59	0.34	0.37	0.03	0.00	0.06
2000	3.69	4.52	12.71	15.13	3.63	11.40	3.59	2.64	1.11	0.34	0.28	0.11	0.00	0.01
2001	0.30	6.89	11.22	18.71	20.47	3.19	6.82	1.62	0.79	0.17	0.03	0.10	0.02	0.00
2002	0.99	0.88	13.03	15.38	22.77	16.00	5.44	4.81	1.12	0.62	0.08	0.17	0.02	0.04
2003	1.85	5.15	2.70	25.93	17.01	13.25	9.02	1.87	2.54	0.36	0.10	0.09	0.00	0.02
2004	0.37	3.57	15.86	6.87	30.04	19.20	11.99	7.56	1.92	1.68	0.23	0.11	0.07	0.00
2005	0.56	2.13	8.83	19.88	6.74	25.94	11.21	3.99	1.96	0.29	0.32	0.03	0.06	0.00
2006	0.32	4.40	4.41	15.88	22.79	7.71	14.34	6.26	2.12	1.05	0.16	0.09	0.00	0.01
2007	0.30	3.67	9.59	4.90	12.08	16.18	6.45	6.07	3.20	0.77	0.51	0.04	0.06	0.00
2008	2.36	5.17	11.73	14.98	7.55	17.94	19.04	5.78	5.66	1.50	0.79	0.22	0.10	0.02
2009	0.90	6.93	8.20	13.00	18.14	12.64	16.99	10.57	3.21	2.81	0.85	0.29	0.14	0.02
2010	0.57	10.32	19.09	16.38	15.55	18.10	9.98	11.39	6.86	2.30	1.21	0.51	0.08	0.11
2011														
2012	1.07	7.14	9.39	23.41	20.86	12.88	10.93	9.62	5.35	3.34	1.54	0.59	0.18	0.10
2013	0.32	6.02	18.88	13.06	26.53	21.75	12.64	7.81	6.03	2.95	1.88	1.00	0.40	0.22
2014	3.60	3.52	15.85	23.55	13.81	23.70	19.83	8.50	5.87	3.99	2.48	1.61	0.84	0.38
2015	5.99	16.72	8.76	26.14	36.04	17.30	27.67	16.41	5.60	3.32	1.18	0.53	0.53	0.21
2016	0.92	11.48	18.13	7.81	17.68	22.45	10.62	11.93	6.77	2.73	1.61	0.86	0.46	0.19
2017	4.66	5.74	25.29	32.47	16.59	32.05	32.23	11.85	10.17	4.46	1.57	1.11	0.50	0.33
2018	1.08	9.10	10.21	21.69	20.09	7.99	13.00	12.74	7.11	5.17	2.49	0.93	0.42	0.15
2019	2.43	7.63	18.75	18.46	27.74	18.21	9.01	8.83	5.37	2.44	1.73	0.78	0.28	0.16



3. mynd. Meðalþyngd 2-10 ára þorsks í haustralli 1996-2019 sýnd sem frávik frá meðaltali. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.



4. mynd. Fæða þriggja lengdarflokka þorsks í haustralli árin 1996-2019, sýnt sem hlutfall af þyngd fisksins. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

Ýsa

Stofnvísitala ýsu lækkaði frá fyrra ári eftir að hafa hækkað tvö árin á undan (5. mynd). Lengdardreifing sýnir að ýsa 20-50 cm er undir meðaltali í fjölda en ýsa stærri en 50 cm yfir meðaltali (5. mynd). Árgangar 2014-2017 eru mun stærri en árgangarnir á undan og er 2014 árgangurinn þeirra stærstur (tafla 2). Stofnvísitalan er þó mun lægri en hún var á árunum 2002-2008 þegar nokkrir stórir árgangar voru í stofninum. Fyrstu vísbendingar um árganginn frá 2019 gefa til kynna að hann sé sá næst stærsti síðan 1996 (tafla 2 og 5. mynd). Niðurstöður haustrallsins staðfesta fyrra mat að árgangurinn frá 2018 sé lélegur.

Ýsan veiddist á landgrunninu allt í kringum landið en eins og undanfarin ár fékkst mest af henni fyrir vestan- og norðanvert landið (5. mynd).

Meðalþyngd ýsu eftir aldri hefur hækkað umtalsvert síðan 2010 og hefur undanfarin ár verið yfir meðaltali hjá öllum aldursflokkum (6. mynd). Meðalþyngd árganga 2014-2017 er þó lægri en hjá árgöngum 2008-2013 sem voru mun minni. Meðalþyngd ýsu eftir aldri er yfirleitt lægri hjá stórum árgöngum en litlum og vöxtur er hægur þegar stofninn er stór.

Magn fæðu í ýsu af öllum stærðarflokkum hefur verið svipað frá því mælingar hófust árið 1996, þó svo einhver breytileiki sé milli ára (7. mynd). Á þessum árstíma eru ýmis botndýr eins og slöngustjörnur, samlokur, ígulker og burstaormar algengasta fæða ýsu (7. mynd). Meðalfjöldi sílis í smáýsu gefur vísbendingu um nýliðun sílis. Lítið hefur verið af síli í fæðu smáýsu frá 2004.



5. mynd. A. Stofnvísitölur ýsu í haustralli 1996-2019 og marsralli 1985-2019 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing ýsu í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2018 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2019 (grátt svæði). C. Útbreiðsla ýsu í haustralli árin 1996, 2005, 2018 og 2019.

Tafla 2. Aldursskiptar fjöldavísitölur ýsu í haustralli 1996-2019. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

	Aldur										
Ár	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
1996	15.35	429.04	104.79	82.39	17.68	7.56	17.46	1.51	0.08	0.00	0.00
1997	52.53	31.54	207.60	54.60	37.14	7.50	5.82	5.81	0.22	0.00	0.00
1998	198.75	80.38	31.69	130.00	19.31	15.27	5.12	5.21	1.81	0.00	0.00
1999	177.34	373.69	65.30	27.94	94.45	11.51	10.06	0.53	2.09	0.31	0.00
2000	58.70	159.26	253.43	44.93	8.09	28.04	1.91	3.40	0.07	0.27	0.32
2001	44.47	378.40	272.16	168.39	34.51	3.87	13.62	0.81	0.88	0.00	0.14
2002	147.35	76.85	233.64	186.61	93.02	18.26	2.81	2.28	0.84	0.04	0.00
2003	312.63	332.50	140.13	242.13	161.48	53.84	8.87	2.45	0.59	0.00	0.01
2004	184.87	691.06	332.24	49.15	155.37	67.98	16.21	3.92	0.83	0.48	0.00
2005	89.95	71.94	543.79	176.68	26.25	93.31	25.44	9.51	1.97	0.00	0.13
2006	89.41	117.32	114.49	496.87	105.12	13.34	39.28	9.41	3.88	1.49	0.00
2007	229.53	96.07	74.41	87.69	324.26	56.42	7.89	11.99	3.65	0.53	0.20
2008	94.73	198.09	91.64	66.43	85.22	193.01	16.25	2.78	3.15	0.32	0.07
2009	50.30	46.72	265.94	66.82	30.26	47.36	94.17	9.27	1.45	2.08	0.09
2010	35.68	41.61	55.69	140.55	29.84	14.04	23.14	36.19	4.61	0.94	0.93
2011											
2012	26.15	52.54	28.82	33.56	37.01	69.15	9.09	3.53	9.83	10.34	0.97
2013	26.28	89.55	126.30	36.31	37.64	38.68	44.25	6.18	2.26	5.73	4.63
2014	248.33	33.49	40.43	65.25	23.35	26.30	23.96	26.78	2.42	1.54	3.65
2015	130.90	203.71	35.21	38.36	47.73	15.10	18.08	10.69	12.61	2.66	1.48
2016	81.62	78.88	125.26	23.11	18.17	19.49	7.21	8.56	4.38	3.15	0.71
2017	188.15	117.29	91.65	150.08	14.02	17.57	13.99	4.18	4.15	2.51	1.16
2018	49.49	116.71	71.61	68.67	125.33	6.69	6.68	6.41	3.48	2.91	1.27
2019	297.26	29.16	137.51	48.95	38.09	55.00	2.70	2.64	1.19	0.60	0.97



6. mynd. Meðalþyngd 2-8 ára ýsu í haustralli 1996-2019 sýnd sem frávik frá meðaltali. Ekki var farinn í leiðangur árið 2011.



7. mynd. Fæða þriggja lengdarflokka ýsu í haustralli 1996-2019, sýnt sem hlutfall af þyngd fisksins. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

Ufsi

Stofnvísitala ufsa í haustralli lækkaði verulega frá fyrra ári líkt og í marsralli og er nú undir meðaltali rannsóknatímans (8. mynd). Hækkun vísitölunnar 2014-2018 má rekja til stórra árganga frá 2012-2014 (nú 5-7 ára gamall fiskur). Vísitölur ufsa eru oft háar vegna mikils afla í fáum togum og öryggismörk mælinganna eru þá há eins og var árin 2004 og 2018. Ufsi fékkst víða í ár en dreifingin var jöfn og lítið um tog með miklum afla (8. mynd). Í ár, líkt og í marsralli, kom fram toppur við 40 cm í lengdardreifingu ufsa vegna sterks árgangs frá 2016 (8. mynd).



8. mynd. A. Stofnvísitölur ufsa í haustralli 1996-2019 og marsralli 1985-2019 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing ufsa í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2018 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2019 (grátt svæði). C. Útbreiðsla ufsa í haustralli árin 2000, 2004, 2018 og 2019.

Grálúða

Vísitala veiðistofns grálúðu (55 cm og stærri) hefur lækkað undanfarin tvö ár eftir að hafa hækkað frá árinu 2006 þegar hún var í lágmarki (9. mynd). Vísitala ungfisks (minni en 55 cm) hefur lækkað umtalsvert frá árunum 2009-2013 þegar hún mældist sú hæsta frá því haustmælingin hófst árið 1996 (9. mynd).

Mest var af grálúðu djúpt út af Norður- og Austurlandi líkt og undanfarin ár, en samanborið við fyrri ár var magn grálúðu vestan við landið árið 2019 fremur lítið (9. mynd).



9. mynd. Vísitölur veiðistofns grálúðu (A) og ungfisks (B) í haustralli 1996-2019. Blá svæði sýna 95% öryggismörk. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing grálúðu í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2018 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2019 (grátt svæði). D. Útbreiðsla grálúðu í haustralli árin 1996, 2005, 2018 og 2019.

Gullkarfi

Stofnvísitala gullkarfa hefur hækkað frá árinu 2000, sem er svipuð þróun og í marsralli (10. mynd). Vísitölur síðustu sex árin hafa sveiflast töluvert en eru þær hæstu frá 1996. Mæliskekkja í vísitölum er yfirleitt há. Ástæðan er sú að stór hluti aflans kemur í fáum togum sem leiðir til tilviljanakenndra sveiflna frá ári til árs þó þróunin síðan 2000 sé augljós.

Í ár var mest af gullkarfa á bilinu 33-45 cm og í seinni tíð hefur sífellt minna fengist af fiski undir 30 cm (10. mynd) Þetta bendir til lélegrar nýliðunar og er hækkun vísitölu undanfarinna ára vegna vaxandi magns af stærri fiski.

Gullkarfi fékkst víða en mest djúpt út af Faxaflóa, Breiðafirði og Vestfjörðum (10. mynd). Þar hafa nokkur stór tog fengist á hverju ári undanfarinn áratug. Magn gullkarfa fyrir norðvestan land hefur einnig aukist.



10. mynd. A. Stofnvísitölur gullkarfa í haustralli 1996-2019 og marsralli 1985-2019 ásamt 95% öryggismörkum. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. B. Lengdardreifing gullkarfa í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árin 1996 (blá lína) og 2018 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2019 (grátt svæði). C. Útbreiðsla gullkarfa í haustralli árin 1996, 2005, 2018 og 2019.

Djúpkarfi

Stofnvístala djúpkarfa hefur sveiflast án sýnilegrar langtímaþróunar (11. mynd). Vísitala ungfisks (minni en 30 cm) var mjög lág líkt og undanfarin ár og hefur lækkað mikið frá árinu 2000 (11. mynd).

Djúpkarfa var að finna á landgrunnskantinum suður og vestur af landinu og veiddist mest af honum fyrir suðvestan land (11. mynd).



11. mynd. Stofnvísitala djúpkarfa (A) og vísitala ungfisks (B) í haustralli 2000-2019. Blá svæði sýna 95% öryggismörk. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing djúpkarfa í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árin 2000 (blá lína) og 2018 (rauð lína) og meðaltal áranna 2000-2019 (grátt svæði). D. Útbreiðsla djúpkarfa í haustralli árin 2000, 2007, 2018 og 2019.

Blálanga

Vísitala veiðistofns blálöngu hefur lækkað frá árinu 2009 þegar hún var í hámarki og er nú svipuð og á árunum 2001-2005 (12. mynd). Vísitala ungfisks (minni en 40 cm) hefur verið lág frá árinu 2010 samanborið við áratuginn á undan (12. mynd). Mest fékkst af blálöngu á lengdarbilinu 85-115 cm (12. mynd). Lengdardreifingar sýna hins vegar að fjöldi blálöngu á stærðarbilinu 50-84 cm er undir meðaltali (12. mynd).

Blálöngu var að finna á landgrunninu og landgrunnskantinum suður og vestur af landinu (12. mynd).



12. mynd. Vísitölur veiðistofns blálöngu (A) og ungfisks (B) í haustralli 2000-2019. Blá svæði sýna 95% öryggismörk. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing blálöngu í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2018 (rauð lína) og meðaltal áranna 2000-2019 (grátt svæði). D. Útbreiðsla blálöngu í haustralli árin 2000, 2009, 2018 og 2019.

Gulllax

Vísitala veiðistofns gulllax lækkaði verulega frá fyrra ári en hafði farið hækkandi árin 2000-2018 (13. mynd). Vísitala ungfisks (minni en 20 cm) hefur sveiflast talsvert á tímabilinu, var há 2017 og 2018 en lækkaði árið 2019 (13. mynd). Mest fékkst af gulllaxi á stærðarbilinu 30-50 cm líkt og árið 2018 (13. mynd).

Gulllax var að finna á landgrunnskantinum suður og vestur af landinu (13. mynd).



13. mynd. Vísitölur veiðistofns gulllax (A) og ungfisks (B) í haustralli 2000-2019. Blá svæði sýna 95% öryggismörk. Ekki var farinn leiðangur að hausti árið 2011. C. Lengdardreifing gulllax í haustralli 2019 (svört lína). Til samanburðar er sýnd lengdardreifing árið 2018 (rauð lína) og meðaltal áranna 1996-2019 (grátt svæði). D. Útbreiðsla gulllax í haustralli árin 2000, 2007, 2018 og 2019.

Flatfiskar

Mæliskekkja í stofnvísitölum skarkola, langlúru, sandkola og lúðu er oft mikil vegna þess að stór hluti aflans kemur á fáum stöðvum. Því geta tilviljanakenndar breytingar á milli ára verið miklar hjá þessum tegundum (14. mynd). Niðurstöðurnar er þó hægt að nota til að meta þróun yfir lengra tímabil. Undanfarin ár hefur vísitala skarkola verið há þó hún hafi lækkað frá árinu 2016. Vísitala sandkola í haustmælingunni er lág en vísitala langlúru er há miðað við árin fyrir aldamót (14. mynd). Vísitala lúðu hefur hækkað frá árinu 2013 þegar hún mældist sú lægsta frá árinu 1996. Þess ber þó að geta að lítið fæst af lúðu í haustralli. Vísitala skrápflúru hefur árin 2016-2019 verið sú lægsta síðan 1996 (14. mynd). Mæliskekkja lítil í stofnvísitölum skrápflúru sem fæst mjög víða. Vísitala þykkvalúru stendur í stað milli ára, en vísitalan 2018-2019 er lægri en á tímabilinu 2008-2017.



14. mynd. Stofnvísitölur sex flatfisktegunda í haustralli 1996-2019. Ekki var farinn leiðangur árið 2011. Skyggð svæði sýna 95% öryggismörk.

Aðrar algengar tegundir

Stofnvísitala steinbíts hefur frá upphafi mælingarinnar verið sveiflukennd án sýnilegrar langtíma-þróunar. Hún er nú svipuð og í fyrra eftir að hafa hækkað frá lágmarkinu árið 2010 (15. mynd). Stofnvísitala hlýra lækkaði mikið á árunum 2006-2010 og hefur verið lág síðan (15. mynd).

Stofnvísitölur löngu og keilu eru háar. Stofnvísitala keilu lækkaði aftur á móti frá fyrra ári en stóð í stað hjá löngu (15. mynd).

Vísitala kolmunna hefur lækkað umtalsvert síðustu tvö ár eftir að hafa verið há en sveiflukennd frá árinu 2012 (15. mynd). Hún er nú svipuð og árin 2006-2010 þegar hún var lág.

Vísitala lýsu lækkaði mikið milli áranna 2010 og 2012 en hefur hækkað síðan þá (15. mynd).

Stofnvísitala litla karfa hefur hækkað frá árinu 1996 og er nú meira en tvöfalt hærri en hún var í upphafi (15. mynd). Að hluta til má rekja aukninguna til mikils magns á fáum togstöðvum enda eru öryggismörk mælinganna há.



15. mynd. Stofnvísitölur ýmissa tegunda í haustralli 1996-2019. Ekki var farinn leiðangur árið 2011. Skyggð svæði sýna 95% öryggismörk.

Djúpfiskar

Um helmingur stöðva haustralls eru teknar á djúpslóð í landgrunnshallanum umhverfis landið og þar er að finna heimkynni allmargra lítt þekktra djúpsjávartegunda, tegunda sem lifa að öllu jöfnu ekki á grynnra dýpi en 400 m. Fjöldi djúpsjávartegunda sem fást í haustralli er um 90, þar af eru um 20 tegundir brjóskfiska (hámýs, háfar og skötur). Útbreiðsla flestra tegundanna er bundin við hlýja sjóinn suður, suðvestur og vestur af landinu. Tegundir, eins og dílamjóri, tvírákamjóri, krækill og skjótta skata, þrífast helst í köldum og djúpum sjó norður, norðaustur og austur af landinu.

Vísitölur brjóskfiska

Vísitölur helstu brjóskfiska (hámýs, háfar og skötur) sem veiðast í SMH eru sýndar á 16. mynd. Tindaskata og geirnyt hafa víðfeðma dýptardreifingu en útbreiðsla flestra annarra tegunda er bundin við djúpsjó á landgrunnshallanum.

Af hámúsum er geirnyt algengust. Hún hefur víðfeðma útbreiðslu fyrir sunnan og vestan landið. Vísitala geirnytar hækkaði mikið 2016-2018 en lækkaði 2019 og er nú sambærileg vísitölum 2012-2015. Vísitala trjónufisks hækkaði 2005-2015 en hefur síðan farið lækkandi. Árið 2019 voru vísitölur beggja þessara tegunda nálægt langtímameðaltali.

Tindaskata er algengasta skötutegundin hér við land og hefur víðfeðma útbreiðslu allt í kringum landið. Árin 2004-2010 lækkaði vísitala tindaskötu en hefur síðan staðið í stað. Skjótta skata er ein af fáum afgerandi kaldsjávartegundum brjóskfiska hér við land og veiðist á miklu dýpi (700-800 m dýpi). Vísitala skjóttu skötu sýnir afgerandi niðursveiflu undanfarinn áratug og hefur síðustu þrjú árin verið sú lægsta frá árinu 2000. Vísitala pólskötu hefur verið breytileg yfir tímabilið en verið undir langtímameðalali undanfarin tvö ár.

Vísitölur flestra tegunda háfa lækkuðu umtalsvert frá fyrra ári. Svarthaf, sem er algengasta háfategundin á djúpslóð, fjölgaði á árunum 2012-2018 en fækkaði mikið í mælingunni 2019. Vísitölur loðháfs, dökkháfs, jensenháfs, gíslaháfs og gljáháfs lækkuðu einnig árið 2019 og eru vísitölur gíslaháfs og gljáháfs þær lægstu á rannsóknartímabilinu. Vísitölur þorsteinshafs og rauðháfs hafa undanfarin ár verið stöðugar og háar, en vísitala flatnefs lág.

Tindaskata er algengasta og jafnfram útbreiddasta brjóskfiskategundin og veiðist á um 39% stöðva á djúpslóð (tafla 3). Svarháfur er annar algengasti brjóskfiskurinn á djúpslóð og veiðist á um 31 % stöðva. Flestar tegundanna sýna litlar sveiflur yfir tímabilið. Lítilsháttar aukning hefur orðið í tíðni geirnytar, dökkháfs og trjónufisks en skjótta skata fæst nú á færri stöðvum en á fyrri hluta tímabilsins.

16. mynd. Fjöldavísitölur ýmissa brjóskfiskategunda í haustralli 2000-2019. Ekki var farinn leiðangur árið 2011.

Tafla 3. Útbreiðsla fimmtán tegunda brjóskfiska sýnt sem hlutfall (%) stöðva á djúpslóð í haustralli þar sem hver tegund fæst.

Ár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Meðaltal
Fjöldi stöðva	212	219	221	220	220	219	219	219	219	219	209	208	207	201	195	196	196	191	194	210
Tindaskata	38.7	34.7	35.7	38.2	39.1	42.9	41.6	34.7	34.2	43.4	42.1	38.9	41.5	44.3	39.5	41.8	38.3	36.1	37.6	39.13
Geirnyt	13.2	16.4	17.2	17.7	11.4	16.0	13.2	16.9	17.8	16.0	17.2	14.4	18.4	24.9	22.6	22.4	24.0	23.0	21.6	18.13
Dökkháfur	15.1	17.8	15.4	14.5	12.7	12.3	19.6	15.1	19.6	19.2	12.0	17.8	21.3	28.4	23.1	23.5	24.0	28.3	23.7	19.12
Pólskata	7.1	13.2	14.0	10.0	10.9	11.4	14.2	8.2	17.4	11.9	8.6	7.7	7.7	16.9	10.8	10.7	14.8	13.6	11.9	11.63
Skjótta skata	15.6	15.5	14.0	14.1	15.9	13.2	18.3	14.2	16.4	18.3	15.3	7.2	14.0	16.9	9.7	14.8	8.7	12.0	10.8	13.95
Svarthákur	29.7	35.6	32.1	32.3	26.8	30.1	31.5	32.0	32.4	29.7	26.3	26.0	30.9	31.3	31.8	32.7	34.2	33.0	34.0	31.18
Gíslaháfur	8.5	7.8	12.2	9.5	5.9	6.8	7.8	10.0	9.6	12.8	9.6	12.0	11.1	12.4	9.2	6.1	8.7	10.5	5.7	9.28
Jensenháfur	9.4	17.8	16.3	15.5	13.6	16.9	16.4	16.0	11.9	13.7	10.5	12.5	12.1	17.9	16.9	18.4	19.4	21.5	19.6	15.59
Loðháfur	9.9	11.9	12.7	14.1	11.4	15.1	12.8	14.2	13.7	14.2	11.5	8.2	11.6	15.4	14.4	10.2	11.2	10.5	12.4	12.37
Rauðháfur	2.4	3.2	3.6	2.3	0.9	1.4	1.8	2.7	0.9	0.5	1.4	2.4	3.9	8.5	3.1	5.1	6.1	4.2	5.7	3.16
Þorsteinsháfur	11.3	12.8	15.4	15.0	15.9	9.6	16.9	11.4	9.1	6.8	8.6	9.1	9.2	10.4	9.2	14.3	11.2	15.2	13.4	11.84
Flatnefur	4.2	6.8	4.5	6.4	5.9	2.3	5.9	4.1	2.3	3.7	1.4	3.4	2.9	7.5	2.6	4.6	3.6	5.2	4.6	4.31
Gljáháfur	4.7	9.1	6.3	5.9	4.1	4.6	2.3	3.7	2.3	1.4	2.4	3.4	1.9	3.0	1.0	1.0	1.0	3.1	0.5	3.25
Trjónufiskur	6.6	10.0	5.9	4.5	4.5	7.3	8.2	6.4	8.7	11.9	7.2	11.5	12.6	11.9	13.3	12.2	11.2	11.0	9.8	9.21
Mattaháfur								0.5	0.9	2.3	3.3	2.9	1.9	7.5	5.6	10.7	9.7	5.2	7.7	4.86

Vísitölur annarra djúpsjávartegunda

Fjöldavísitölur tuttugu djúpsjávartegunda 2000-2019 eru sýndar á 17. mynd. Slétthali er ein algengasta tegundin í hlýja djúpsjónum suður og vestur af landinu. Vísitala slétthala árið 2019 var sú lægsta síðan 2000 og einungis 14% af því sem hún var árið 2008 þegar hún náði hámarki. Vísitölur snarphala og ingólfshala hafa einnig lækkað undanfarin 2-3 ár eftir að hafa hækkað umtalsvert og eru nú nálægt langtímameðaltali. Vísitala langhalabróður hefur hins vegar breyst lítið yfir tímabilið.

Vísitölur margra hlýsjávartegunda hækkuðu umtalsvert fram til áranna 2010-2015 en hafa í sumum tilfellum farið lækkandi undanfarin þrjú til fjögur ár. Þannig hækkuðu vísitölur stinglax og djúpáls en hafa undanfarin ár farið lækkandi þó þær séu enn töluvert hærri en í upphafi tímabilsins. Vísitölur bláriddara, skjás og gjölnis hafa sveiflast yfir tímabilið og eru nú svipaðar og þær voru í upphafi tímabilsins. Litla brosma fékkst sjaldan í haustralli 2000-2010, en fjöldinn jókst mikið 2012-2015. Síðan þá hefur henni farið fækkandi. Fjöldi svartgómu, ugga og digra geirsílis hefur margfaldast á síðari hluta tímabilsins og hafa haldist háar en einungis stakir fiskar fengust á fyrri hluta þess. Broddabak hefur hins vegar farið fækkandi.

Almennt má segja að stofnvísitölur kaldsjávartegunda hafi lækkað yfir tímabilið. Sem dæmi má nefna hálfbera mjóra, dílamjóra, krækil og rauðu sæveslu. Ólíkt flestum öðrum kaldsjávartegundum hefur hveljusogfiski fjölgað á tímabilinu og fjöldi tvírákamjóra haldist svipaður.

